Vegna þess hversu leitandi
við vorum

blekktu
fláráðar falsmyndir

augu okkar og eyru.

Ég tók þau.
Setti í krukku,
marineraði í kryddlegi
og skrúfaði loið fast á.

Stjarnmennirnir
hljóta að koma fljótlega
til að gefa okkur
gler - augu.

Á meðan
leita ég að radísum
til að fylla upp í tómar tóftirnar.

Kaupi mér ást í sjálfsala
og eyði þannig aleigunni.